

Ed.

38. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og landingarbætur.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 2. gr. C.

- a. Á eftir 17. tölulið komi nýr liður: Höfn í Bakkafirði.
 - b. Á eftir 32. tölulið komi nýr liður: Vopnafjörður.
- Liðatalan breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að útgerðarmenn hafa nú um skeið fengið að leggja $\frac{1}{3}$ hluta af tekjum sínum skattfrjálsan í varasjóð til að tryggja rekstur útgerðarfélagans. Á sama hátt hafa almenn hlutafélög fengið að láta $\frac{1}{5}$ af tekjum sínum í varasjóð, án þess að borga skatt af þeirri upphæð, og orkar þó tvímælis, svo að ekki sé sterkara kveðið að orði, hvort þess er þörf. Hér er lagt til, að bændum sé á sama hátt leyfilegt að verja $\frac{1}{5}$ af tekjum sínum til umbóta á úbúðarjörð sinni, og er ekki vafi á, að þeir eiga sama rétt á því og aðrir, sem þau réttindi hafa nú, að leggja nokkuð af fé sínu til hliðar án þess að greiða af því skatta.

Umbætur á jörðinni, svo að hún verði betri, er þeirra bezti tryggingarsjóður, og hann kemur ekki einungis þeim að notum, er á jörðinni búa, þegar umbótin er gerð, heldur öllum þeim, er síðar meir búa á henni og njóta umbótanna. Það er því fullkomlega réttmætt, miðað við aðra, að bændur fái þessi fríðindi, enda er málið hér flutt eftir ósk frá þeim.

Nd.

40. Frumvarp til laga

um afnám nokkurra lagaákvæða varðandi sölverð fasteigna í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

17. gr. laga nr. 54 4. júlí 1942 (jarðræktarlög) falli burt.

2. gr.

1., 3. og 4. málgr. 47. gr. laga nr. 108 9. okt. 1941 (byggingar- og landnámssjóður) falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt svo hljóðandi ályktun varðandi 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði í lögum um byggingar- og landnámssjóð: „Búnaðarþing lýsir yfir því, að það telur, að 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði í lögum um byggingar- og landnámssjóð, frá 9. okt. 1941, nái ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun jarða, og leggur því til, að þessi ákvæði verði numin úr lögum. Jafnframt ályktar búnaðarþing að kjósa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um löggjöf, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum og enn fremur lóðum og lendum í kaupstöðum, kaптúnum og í öðru þéttbýli.“

Nefnd sú, er um getur í seinni lið ályktunarinnar, var kosin þegar á þinginu, og skipa hana þeir Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri, Jóhannes Davíðsson bóndi og Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður. Hefur hún fyrir nokkru hafið störf sín, en ekki lokið við að ganga frá tillögum enn þá. Flm. þessa frumvarps telur sér skylt að láta þessa afstöðu búnaðarþings koma fram á Alþingi og flytur það því hér í samræmi við þá samþykkt, er þar var gerð og að framan hefur verið getið. Telur hann sjálfsagt, að ákvæði þessi verði látin fylgjast að og fái sams konar og sameiginlega afgreiðslu á Alþingi. Virðist einsætt, að reynsla sú, sem nú er fengin um haldleysi þessara ákvæða til að ná þeim tilgangi, er þeim var ætlað, verði látin ráða um það að nema þau úr lögum, svo að þau eða deilan um þau standi ekki í vegi fyrir því, að annarra

raunhæfari aðgerða í þessum efnum verði leitað. Er nú, eins og að framan er sagt, þegar hafizt handa um það, og ætti að mega vænta þess, að viðunandi lausn fáist í máli þessu, þar sem aðilar þeir, er að nefndarskipuninni standa og í nefndinni starfa, virðast á einu máli um nauðsyn þess að sporna á móti óeðlilegri verðhækkun á bújörðum, lóðum og lendum.

Nd. 41. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hverir og laugar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Eigendum hvera og lauga (50° C og þar yfir) er skylt að afgirða þau. Skal girðingin vera svo traust, að hvorki mönnum né skepnum geti stafað hættu af hinu heita vatni.

2. gr.

Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Víða hér á landi eru hverir og laugar nálægt alfaraleiðum og enn fleiri nálægt hóbýlum manna eða að heita má rétt við bæjarvegginn. Þessar hitauppsprettur eru enn þá víðast hvar óbygðar eða óafgirtar, þó að hin mesta lífshætta, bæði mönnum og skepnum, geti stafað af þeim.

Hin mörgu sorglegu slys, bæði fyrr og síðar, sem orðið hafa af þeirra völdum, eru öllum landslýð of vel kunn til þess, að ástæða sé til að rekja þau hér. Hið almenna gáleysi og óttaleysi fyrir þessum hættum er óþolandi og blettur á íslenskri menningu. Er því brýn nauðsyn, að úr þessu sé bætt tafarlaust og þótt fyrr hefði verið. En seint er betra en aldrei.

Ed. 42. Breytingartillaga

við frv. til laga um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. C.

- a. Á eftir 4. tölulið komi nýr liður: Búðardalur.
 - b. Á eftir 24. tölulið komi nýr liður: Skarðsstöð.
- Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd.

43. Frumvarp til laga

um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason,
Pétur Ottesen, Páll Zóphóníasson.

I. KAFLI

Um val og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands skipar 9 manna framleiðsluráð til 4 ára í senn. Skulu 5 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu aðalfundar Stéttarsambands bænda, og sé þess að jafnaði gætt, að þeir séu valdir úr öllum landsfjórðungum, en þó skal hlutfallskosning viðhöfð við tilnefningu þeirra, ef óskað er. Hinir 4 skulu skipaðir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum: S. Í. S., Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkurverðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Kosning og skipun þeirra fer fram í fyrsta skipti ekki síðar en í byrjun septembermánaðar 1946. Framleiðsluráð kýs sér formann og ræður sér framkvæmdastjóra.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs er:

1. að fylgjast með framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkvæmt fyrir-mælum laga þessara.

3. gr.

Kostnaður við framleiðsluráð greiðist úr búnaðarmálasjóði.

4. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert ýtarlega skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Skytt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI

Um verðskráningu.

5. gr.

Hagstofa Íslands reiknar árlega út framleiðslukostnað bænda. Við útreikning framleiðslukostnaðarins skal fylgt þeim reglum, sem fyrir er mælt í 4. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtiðarráðstafanir, og samkomulagi sex manna nefndarinnar.

6. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi verðskráningu landbúnaðarvara. Við verðskráningu grænmetis og garðávaxta tekur fulltrúi Sölufélags garðyrkjumanna sæti í framleiðsluráði og hefur atkvæðisrétt um þau mál. Nú verða atkvæði jöfn um verðlagning þessara vara, og ræður þá úrslitum atkvæði fulltrúa sölufélagsins. Heimilt er framleiðsluráði að fela formanni og framkvæmdastjóra ásamt fulltrúa sölufélags garðyrkjumanna að hafa á hendi verðskráningu grænmetis og garðávaxta milli funda.

III. KAFLI

Um sláturleyfi og greiðslu verðjöfnunargjalds.

7. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

- a. Á mjólk og mjólkurvörum: Innan hvers verðjöfnunarsvæðis haldast núgildandi ákvæði um sama verð fyrir sams konar vöru á sama sölustað. Skal sú verðjöfnun framkvæmd, þegar mjólkurbú verða að taka að sér meira til vinnslu úr mjólkinni hlutfallslega en önnur bú á sama svæði.

Auk verðjöfnunar þessarar innan verðjöfnunarsvæðanna skal verðmiðlun framkvæmd milli þeirra þannig, að 1% sé tekið sem verðjöfnunargjald í því skyni af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, og skal því varið til jöfnunar á verðminni vörur mjólkurbúanna skv. ákvörðun framleiðsluráðs. Því er enn fremur heimilt að styðja framleiðslu rjómaþía og smjörslögu af þessu fé á sama hátt og mjólkurbúanna.

- b. Á kjöti: Verðmiðlun á kindakjöti skal framkvæmd á innlendum markaði þannig, að sama verð fáið fyrir sams konar vöru á sama sölustað, og auk þess skal útlutt kindakjöt tekið í hina sömu verðjöfnun sem það, er selst innan lands, þegar mismunur er á verði á innlendum og erlendum markaði.

8. gr.

Framleiðsluráð ákveður verðmiðlun á 1. og 2. flokks dilka- og geldfjárkjöti svo og á vinnslumjólk og mjólkurvörum milli verðjöfnunarsvæða.

Verðjöfnun á mjólk og mjólkurvörum innan verðjöfnunarsvæða annast hlutaðeigandi sölustjórnir hver á sínu svæði.

9. gr.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, er það telur sér þörf á, þar á meðal skýrslna frá eflingreindum aðilum:

- a. þeim, er sláturleyfi hafa, um mótttekið kindakjöt, greint eftir flokkum, ásamt skýrslu um kjötsölu svo og skrá yfir kjötbirgðir sínar;
- b. mjólkurbúum um mótttekið mjólkurmagn og um selda neytlumjólk, rjóma og aðrar mjólkurvörur;
- c. rjómaþíum og smjörslögu um unnið vörumagn hvers þeirra;
- d. þeim, er annast mjólkursölu í kaupstöðum og kaupþúnum utan sölusvæðis mjólkurbúanna, um selda neytlumjólk.

Skýlt er þessum aðilum svo og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu líta og þau geta í té látið.

10. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi úthlutun á sláturleyfum samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935. Þeir, sem sláttra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélaga, sem fengið hefur sláturleyfi, skal einnig

senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjaldalagi er, þegar slátrunin fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

11. gr.

Framleiðsluráð ákveður, um leið og það veitir sláturleyfi ár hvert, hversu mikið hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar. Framleiðsluráð getur leyft, að fé þetta sé í vörzlu hlutaðeigenda að einhverju eða öllu leyti gegn þeim tryggingum, sem framleiðsluráð tekur gildar, þar til er verðmiðlunargjald það, er leyfishafa ber að inna af hendi, er endanlega ákveðið.

12. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti eða öðrum sláturfjárafurðum til markaðsstaða, ef það telur hættu á, að þeir ofhlaðist að öðrum kosti.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

13. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu (Sbr. 5. gr.) miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt viðunandi.

14. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal fram tekið m. a.:

1. um skipting landsins í sölusvæði;
2. bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs;
3. að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum;
4. um mat og flokkun hrossakjöts;
5. um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs;
6. um úthlutun söluleyfa, er miðist bæði við markaðskröfur á hverjum tíma og hrossaeigna manna samkv. síðasta skattaframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Um yfirstjórn mjólkurmála og verðmiðlun.

15. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursöllumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neytlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum,

kaupúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

16. gr.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu líta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

17. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kaupúna, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kaupúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kaupúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðmiðlunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt.

18. gr.

Framleiðsluráði ber að hafa íhlutun um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kaupúnum, þar sem engar eru fyrir eða eru ófullnægjandi. Þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu eru álitleg, getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar samkv. fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum nr. 1 7. jan. 1935.

Framleiðsluráð getur þó heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en líta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

19. gr.

Nú verður tilfinnanlegur mjólkurskortur hjá mjólkurbúum og mjólkursölumiðstöðvum, án þess að stjórnir þeirra hafi ráðið þar bót á, og er framleiðsluráði þá heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum og sölumiðstöðvum að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir endurtekið mjólkurleysi, m. a. með því, að búið greiði framleiðendum herra verð fyrir mjólkina þann tíma árs, sem hörgull er á henni.

Skal nánar kveðið á um það í reglugerð.

20. gr.

Framleiðsluráð innheimtir verðmiðlunargjaldið, er greiðist eftir á í lok hvers ársfjórðungs, nema öðruvísi semjist um greiðsluna. Gjaldið má innheimta með lög taki hjá seljendum mjólkurinnar.

21. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að auka viðskiptasvæði mjólkurbúa í samráði við stjórnir hlutaðeigandi búa, svo sem vélar, húsrúm og aðrar ástæður búsin leyfa.

Framleiðsluráð ákveður takmörk viðskiptasvæða nágrannamjólkurbúa í samráði við forráðamenn hlutaðeigandi búna og mjólkurframleiðendur og með tilliti til samgangna og vinnslugetu búanna.

22. gr.

Skylt er mjólkurbúi og samsölum að taka til sölu rjóma og nýtt skyr frá öðrum búum, þegar skortur er á þeirri vöru hjá búinu, enda fullnægi vörunar settum reglum um gæði. Sömuleiðis skal framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkursölu-stöðvar taki að sér sölu á vinnsluvörum búanna. Framleiðsluráð ákveður sölu-launin.

23. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi verkefni mjólkursölu nefndar, eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 1 7. jan. 1935, að svo miklu leyti sem þau ákvæði geta átt við og lög þessi mæla ekki öðruvísi fyrir.

VI. KAFLI

Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

24. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenskar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

25. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 24. gr., svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur eflað svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða skv. þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. og 2. gr. og 4.—12. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, enn fremur 8. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í öllum höfuðatriðum samhljóða frumvarpi um verðlagsráð landbúnaðarins, er afgreitt var frá síðasta búnaðarþingi. Hafa flutningsmenn þessa frv. gert á frumv. búnaðarþings þær breytingar einar, er þeir telja eðlilegar, eftir að Stéttarsamband bænda hefur verið formlega stofnað, og eru þó flestar breytingarnar smávægilegar.

Á búnaðarþingi því, er háð var síðari hluta vetrar 1943, voru afurðasölumál og framleiðsluskipulag landbúnaðarins tekin til meðferðar. Í lok þingsins var svo skipuð millipinganefnd til að fjalla um endurskoðun á málum þessum fyrst og fremst ásamt ýmsum öðrum landbúnaðarmálum, er biðu úrlausnar. Millipinganefndin skilaði síðan álit og tillögum í frumvarpsformi, er lagðar voru fyrir aðalbúnaðarþing 1945. Búnaðarþing tók síðan málið til meðferðar og gerði ýmsar breytingartill. við frv. millipinganefndarinnar. Síðan var málið sent til búnaðarsambandanna, er tóku það til meðferðar á aðalfundum sínum síðastliðið vor og skiluðu álit og tillögum, er lagðar voru fyrir aukabúnaðarþing það, er háð var í ágústmánuði síðastliðnum. Aukabúnaðarþingið gekk síðan frá málinu til fullnaðar í samræmi við þær megin tillögur, er horizt höfðu frá búnaðarsamböndunum og allar voru í aðalatriðunum í samræmi við það álit um málið, er ríkti á búnaðarþingi.

Hér skulu nú raktar nokkrar af þeim meginbreytingum frá hinu eldra skipulagi, er í frumvarpi þessu felast.

1. Með frv. er lagt til, að bændastéttin fái sjálf óskorað vald yfir málum þessum, bæði um verðlagsákvörðun og sölumeðferð. Samkv. því skal stofna verðlagsráð landbúnaðarins, er skipað sé sameiginlega fulltrúum frá Stéttarsambandi bænda og sölufélögum bændastéttarinnar. Verðlagsráðið ákveður síðan verðlag landbúnaðarvara á innlendum markaði, ákveður og sér um verðmiðlun á vörum, aðra en þá, sem fram fer innan mjólkursölvæða, og hefur íhlutun um vinnslu vörunnar og dreifingu á hina ýmsu markaði.
2. Frumvarpið breytir einnig til um yfirstjórn þessara mála frá hinu eldra skipulagi, þannig að það fær einni nefnd (framleiðsluráði) í hendur vald yfir öllum framleiðsluvörum landbúnaðarins, í stað þess, að áður var þetta vald í höndum margra nefnda, en náði þó ekki til að skipuleggja sölu og dreifingu nema nokkurs hluta framleiðslunnar. Þannig er allur sá hluti mjólkurframleiðslunnar, sem ekki er stundaður innan mjólkursölvæðanna, svo og öll sala nauta- og hrossakjöts utan alls heildarsöluskipulags, og getur það hæglega valdið tjóni og glundroða í framleiðslu og verðlagsmálum landbúnaðarins. Er það og auðsætt, að eigi að hafa áhrif á það, í hvaða átt skuli beina landbúnaðarframleiðslunni í einstökum greinum eða einstökum landshlutum, er nauðsynlegt, að einn og sami aðilinn hafi yfirsýn og íhlutun um þessi mál öll.
3. Þá er enn það nýmæli í frv., að lögboðin er verðmiðlun á mjólk á milli sölvæða, þannig að unnt sé að veita þeim mjólkur- og rjómaþúsum, sem ekki hafa aðstöðu til að koma afurðum sínum á nýmjólkurmarkaðinn, stuðning og uppörvun til framleiðslu og vinnslu mjólkurvara og hafa áhrif á það, að lögð sé aukin áherzla á framleiðslu þeirra vöruhegunda, sem mest þörf er á hverju sinni.

Önnur nýmæli þessa frumvarps eru öll áframhald eða afleiðing af þeim meginatriðum, sem nefnd eru hér að framan.

Frumvarpið byggir á þeirri meginreglu hinna eldri afurðasölulaga, að framleiðendur fái allir sama verð fyrir sams konar vöru á sama sölustað. — Í kjötsölumálunum er nú svo komið, að landið allt er orðið eitt verðjöfnunarsvæði, þannig að sams konar kindakjöt (þ. e. sami matsflokkur) er nú greitt framleiðendum sama verði miðað við markaðsstaði, hvar sem það er framleitt á landinu. Hitt er svo annað mál, að ýmsir álíta, að ástæða væri til að beita nokkru strangara gæðamati í verðflokun kjötsins og hafa þannig áhrif á það, að kjóttframleiðslan verði sem mest

bundin við þá staði, þar sem skilyrðin eru bezt til sauðfjárræktar af náttúrunnar hendi, og að önnur svæði landsins snúi sér meir að nautgriparækt og mjólkurframleiðslu.

Ekki eru hér gerðar tillögur um verðjöfnun stórgripakjöts, enda minni ástæða til þess að svo stöddu. Hins vegar ætti að mega takast að koma sölu og verðlagi þess í meira samræmi við sölu og verðlag kindakjöts en nú er með afskiptum, sem verðlagsráðinu eru ætluð um þau mál samkvæmt frv.

Um mjólkursöluna er aðstaðan enn svo ólík víða um landið, að ekki getur talizt eðlilegt að upphefja skiptingu þess í einstök mjólkursölusvæði. Með bættum samgöngum og fleiri mjólkurbúum getur þetta hins vegar tekið skjótum breytingum, og má því gera ráð fyrir, að áður langir tímar liða, fari svo, að landið verði allt eða mestallt eitt og sama verðjöfnunarsvæðið, eins og nú er orðið um kjötið.

Hér er stigið spor í þá átt, að unnt sé að hafa áhrif á aukna framleiðslu sérstakra mjólkurvara á einstökum framleiðslustöðvum utan núverandi mjólkursölusvæða.

Nánar í framsögu.

Nd.

44. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 126 1943 skal orða svo:

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-mælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947. Ákvæði nefndra laga, nr. 84 1932, gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa við-bótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga skal orða svo:

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{3}{5}$ hlut-um til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $\frac{2}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst smíða brú á Jökulsá á Fjöllum, en þar næst brú á Jökulsá í Lóni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutnings-gjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þær breytingar frá eldri lögum, að framlengja skuli um næstu tvö ár skatt þann, sem rennur til brúarsjóðs, og að byggð verði brú á Jökulsá í Lóni fyrir fé úr sjóðnum, þegar lokið er smíði brúarinnar á Jökulsá á Fjöllum.

Þegar sett voru lög þau, er nú gilda um þetta efni, var þegar ákveðið, að fyrst skyldi byggja brú á Jökulsá á Fjöllum fyrir fé úr brúarsjóði. Nú mun hafa safnast í sjóðinn nokkuð á aðra milljón króna. Má ætla, að það fé nægi fyrir brúna á Jökulsá á Fjöllum samkvæmt því, sem ákveðið er í lögnum. Efni í þá brú mun nú fáan-

legt, enda ákveðið að byggja hana næsta sumar. Er því tímabært að setja nú ákvæði um að undirbúa aðrar framkvæmdir með sama hætti.

Jökulsá í Lóni er, eins og öllum mun kunnugt, ein af stóráám þessa lands. Hún er mesti farartálminn á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Austurlands. Koma þær vegabætur, sem gerðar eru á því svæði, aldrei að fullum notum sem örugg samgönguleið milli héraða, fyrr en Jökulsá hefur verið brúuð. Sú brú er því nauðsynlegur þáttur í vegakerfi landsins.

Jökulsá klýfur Lónssveitina. Augljóst er, að slíkt vatnsfall torveldar stórkostlega samskipti og félagslíf hreppsþúa. Meiri hlutinn af bændum sveitarinnar býr austan árinna. Verzlunarviðskipti þeirra eru öll bundin við Hornafjörð, enda eru þeir einangraðir að austanverðu af Lónsheiði. Þeir verða því að sækja yfir Jökulsá með alla aðdrætti til heimilanna, fjárrekstra til slátrunar o. s. frv. Liggur í augum uppi, hve mikla örðugleika það skapar, og verður aldrei á þeim sigrazt að fullu á annan hátt en að brúa Jökulsá.

Vegamálastjórnin hefur þegar athugað brúarstæðið á ánni.

Ed.

45. Lög

um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 19. okt.).

Samhljóða þskj. 37.

Nd.

46. Frumvarp til laga

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur með nauðsynlegum flóðgáttum.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að $\frac{7}{8}$ hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu $\frac{1}{8}$ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum, en sýslufélaginu að $\frac{1}{4}$ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

3. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.

4. gr.

Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hvernjar jarðar í

fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti.

5. gr.

Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkv. 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr.

7. gr.

Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

8. gr.

Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skylt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðin 40 ár hafa Héraðsvötnin fallið öll að kalla vestan við Steinstaðahólminn meðfram Reykjatungu og Vindheimabrekkunum. Meðfram brekkunum var þá allviðáttumikið sléttlendi. Nú hafa Vötnin brotið nær allt þetta land undir sig og eru víða komin fast að brekkunum og brotna þar á bergi. En þar sem Vindheimabrekkunum sleppir, tekur við Vallhólmurinn, marflöt slétta, með sendnum vallendisbökkum, sem Héraðsvötnin mylja niður jafnt og þétt. Á þessum slóðum norðan við Vindheimabrekkurnar eru fornir farvegir Héraðsvatnanna, og liggur aðalfarvegurinn og sá, er mest hætta stafar af, vestur með brekkunum vestur í Svartá, og með flughalli alla leið. Auk þessa farvegjar liggja aðrir farvegir norður Vallhólminn, og getur einnig mikil hætta stafað af því, ef mikill hluti Vatnanna félli í þá.

Skagfirðingar í þeim sveitum, sem eiga hlut að máli, hafa ekki horft á þetta aðgerðalausir. Á síðari árum hafa verið gerðar itrekaðar tilraunir samkv. fyrir sögn vegamálastjóra til að stöðva ágang Vatnanna á þessum stöðum. Alls hafa verið byggðir þarna 4 varnargarðar. Tvo þeirra hafa Vötnin brotið, en brotizt fyrir endann á þeim þriðja. Nú eru þau komin fast að vestasta varnargarðinum, er liggur frá svo nefndu Arnarbergi í Vindheimabrekkum þvert yfir aðalfarveginn, sem áður er getið, og norður á Vallhólminn.

Takist Héraðsvötnunum að brjóta þennan garð, geta þau fallið með öllum þunga sínum vestur í Svartá. Farvegur hennar mundi vart rúma meira en $\frac{1}{4}$ af því vatnsmagni, hitt mundi falla norður yfir Vallhólminn og undirlendið út með Langholtinu alla leið til sjávar. Við þetta mundi blómleg byggð og beztu engjalönd héraðsins breytast í aura og sanda, er Héraðsvötnin flæmdust um til og frá. Þegar svo væri komið, er nokkurn veginn víst, að þjóðvegurinn til Akureyrar yfir Vallhólminn yrði ófær með öllu, en það hefði í för með sér, að flytja yrði veg og jafnframt byggja tvær stórbrýr á Svartá og Héraðsvötn, ef viðunandi vegarsamband ætti að haldast til Akureyrar og Austurlands. Allir, sem til þekkja, eru sammála um, að allt verði að gera, sem unnt er, til að styrkja garðinn norður af Arnarberginu. Vinna við garðinn er nú hafin samkv. fyrirsögn vegamálastjóra, og verður væntanlega unnið að því áfram í vetur að styrkja hann á allan hátt.

Kostnaðurinn við framkvæmdir þessar er nú að verða svo mikill, að bændur þeir, sem hér eiga hlut að máli, treysta sér ekki til að standa straum af honum á sama hátt og gert hefur verið, enda virðist það ekki sanngjarnt.

Frv. er sniðið eftir lögum um fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, enda vofir nú yfir Skagafirði vestanverðum svipuð eyðilegging og átti sé stað á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Nd. 47. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlag á nýmjólk má ákveða mismunandi eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá franleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmunurinn greiddur úr ríkissjóði.

Ed. 48. Breytingartillaga

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá forsætisráðherra.

Við 2. gr. C. 8. Nýr tölul.:
Gerðar í Garði.

Nd. 49. Frumvarp til laga

um landshöfn í Þórshöfn.

Flm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera höfn í Þórshöfn í Sauðaneshreppi. Til hafnargerðarinnar má verja allt að kr. 3250000.00. Skal einn þriðji fjárhæðarinnar greiddur úr ríkissjóði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en tveir þriðju hlutar skulu teknir að láni gegn veði í mannvirkjum hafnarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lánið, allt að kr. 2166600.00.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa þrjú menn: hafnarstjóri skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af sveitarstjórn, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi.

Laun hafnarstjóra og þóknun til meðstjórnenda skulu ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo viðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið er framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slíkt lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru skv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:

- a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
- b. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
- d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
- e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
- f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölu-lið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru, annar af sveitarstjórn, en hinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hafnarnefndar Þórshafnarkauptúns og hreppsnefndar Sauðaneshrepps.

Í lok síðasta Alþingis var útbýtt til þingmanna í handriti frumvarpi til laga um landshöfn í Njarðvíkum frá millipinganefnd í sjávarútvegsmálum, en vegna þess, hve skammur tími var þá til þingslita, var frumvarp þetta ekki lagt fyrir Alþingi að því sinni.

Engin greinargerð mun hafa fylgt frumvarpi þessu, en sjálfsagt hefur það vakað fyrir millipinganefndinni að skapa aukin og bætt skilyrði til sjósóknar við Faxaflóa með byggingu öruggrar hafnar á þessum stað, og jafnframt mun hún hafa litið svo á, að útilokað mundi vera, að hafnargerð þessi gæti komið til framkvæmda með öðru móti en því, að ríkissjóður legði fram allan kostnað, sem af henni leiddi.

Eins og kunnugt er, hafa nú verið gerðir samningar við erlendar og innlendar skipasmiðastöðvar um smíði fjölda nýtzku-veiðiskipa, og er þess að vænta, að með þessum skipakaupum muni auðlegð hafsins við strendur landsins notast betur en kostur hefur verið á til þessa.

En til þess að endurnýjun og stækkun veiðiflotans komi að fullu gagni, mun verða óhjákvæmilegt að bæta skilyrði til útgerðar á fleiri stöðum við strendur landsins með umbótum á hafnarmannvirkjum þeim, sem fyrir eru, og byggingu nýrra hafna. En því miður eru slík mannvirki ákaflega dýr og af þeirri ástæðu víða ofvaxin hlutaðeigandi héruðum og þess vegna því aðeins framkvæmanleg, að ríkissjóður standi undir kostnaðinum að öllu leyti.

Á sumum stöðum við strendur landsins eru auðug fiskimið, en slæmar hafnir, sem útiloka sjósókn á stærri bátum eða skipum. Einn af þeim stöðum er Þórshöfn á Langanesi. Fiskimið eru þar ein hin beztu hér við land, en vegna þess, hve hafnarmannvirki eru þar ófullkomin, hefur ekki verið hægt að gera þar út nema trillubáta eða litla dekkbáta. Undanfarin ár hafa að vísu haldið þar til um hásumarið nokkrir 20—30 tonna bátar frá Austfjörðum, en vegna öryggisleysis í höfninni hafa bátar þessir jafnan orðið að hverfa heim, þegar liðið hefur að hausti. Væri þarna hins vegar örugg höfn, mundu þar vera mjög álitleg skilyrði til sjósóknar á stórum vélbátum að hausti og vetri, því að oft er góður aflí á veturnum skammt undan landi, þegar svo vel viðrar, að sjósókn er möguleg á smábátum, og líklegt, að meiri væri aflavon á djúpmiðum, ef skip væru fyrir hendi til sóknar þangað.

Auk nálægðar við góð fiskimið hefur Þórshöfn það til síns ágætis, að ræktunar-skilyrði eru þar betri en í flestum, ef ekki öllum öðrum sjóþorpum hér á landi, en víðlendar landkostasveitir liggja að kaupúninu. Ef þörf þætti að reisa nýjar sildarverksmiðjur til viðbótar þeim, sem fyrir eru og ákveðið er að reisa á næstu árum, hygg ég, að fáir staðir muni vera álitlegri til sildariðnaðar en Þórshöfn, þegar þar er komin örugg höfn. Þá má og benda á það, að þegar svo væri komið, mundi þarna verða tryggt athvarf fyrir báta og skip úr öðrum verstöðvum. Er af öllu þessu auðsætt, að Þórshöfn hefur mjög góð skilyrði til þess að verða stór og fjölmenn útgerðarstöð, þegar þar er komin góð höfn.

Fyrir nokkrum árum lét vitamálskrifstofan gera nákvæma uppmælingu á höfninni, og á þessu ári hefur skrifstofan enn fremur látið gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um hafnarmannvirki, sem við það eru miðuð, að þar verði komið upp öruggri höfn með hafskipabryggju. Er gert ráð fyrir, að þessi mannvirki muni kosta kr. 3242000.00. Erú ákvæði frumvarps þessa um kostnað við hafnargerðina byggð á þessari áætlun.

Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi millipinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum um landshöfn í Njarðvíkum.

Nd.

50. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréf-um er skilað stofnfjárnækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birta í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félags-svæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Skagfirðinga. Reynslan hefur sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign manna í stofnsjóði félagsins, glatast. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína í félaginu, verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er ærið kostnaðarsamt.

Félagið hefur því ákveðið að breyta til um þetta þannig, að í stað þess að gefa út bréf fyrir stofnfjáreigninni, verði eign félagsmanna í stofnsjóði færð inn í bækur, en bréfin kölluð inn með ákveðnum fyrirvara. Til þess að létta mönnum kostnað er farið fram á lagaheimild til þess að ógilda í einu lagi þau bréf, sem koma þá ekki í leitirnar með þeim hætti, er frv. greinir.

Frv. er sniðið eftir lögum um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Ed.

51. Fyrirspurn

til samgöngumálaráðherra um flutning hengibrúar.

Frá Eiríki Einarssyni.

Hefur rannsókn farið fram á því, samkvæmt þingsályktun frá 6. febr. 1945, hvort hin gamla hengibrú á Ölfusá sé hæf til notkunar á fyrirhuguðu Hvitárbrúarstæði hjá Iðu, og ef svo er, hver hefur þá orðið niðurstaða þeirrar rannsóknar?

Nd.

52. Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra varðandi sölu íslenzkrar ullar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær verða seldar þær miklu ullarbirgðir, sem eru í landinu?

Greinargerð.

Það er kunnugt, að nú liggur óseld í landinu ullarframleiðsla þriggja ára. Er augljóst, að af því leiðir mikil óþægindi fyrir framleiðendur. Bændur bíða eftir því að fá réttmætt verð fyrir vöruna, verð, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á.

Það má fullyrða, að gjaldþol margra bænda leyfir ekki þann mikla drátt, sem orðinn er á sölu ullarinnar. Verkamenn og aðrir launþegar mundu ekki una því að bíða í eitt til þrjú ár eftir miklum hluta launa sinna. Þar sem ríkissjóður hefur tekið á sig skuldbindingu um að tryggja bændum sexmannanefndarverð fyrir ullina, er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi ákvörðunarrétt um, hvenær og á hvaða verði ullin er seld. Það er kunnugt, að landbúnaðarráðherra hefur látið gera ítrekaðar tilraunir til að selja ullina á góðu verði. Þær tilraunir virðast ekki hafa borið þann árangur, sem æskilegt er. Ýmsir gerðu sér vonir um góða sölumöguleika, þegar Norðurlöndin opnuðust í styrjaldarlokin. Þær vonir voru eðlilegar, þar sem kunnugt er, að þau lönd hafa mjög lítið af ull.

Væntanlega gefur ráðherrann upplýsingar um gang þessa máls, svo að framleiðendum verði ljóst, hvenær þeir geta búizt við þeim gjaldeyri, sem fyrir ullina kemur.

Sp.

53. Tillaga til þingsályktunar

um byggingarstað handa bændaskóla Suðurlands.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta reisa hinn fyrirhugaða bændaskóla Suðurlands heima í Skálholti eða við túnið á hinu forna biskupssetri.

Greinargerð.

Síðan biskupsstóll og menntaskóli fluttust frá Skálholti eftir móðuharðindin, hefur ríkið ekki gert neitt til að hlynna sérstaklega að þessum stað, sem var annað höfuðsetur landsins um margar aldir. Á síðustu áratugum hefur þar verið læknissetur og bændabýli. Húsakynni eru þar lík og tíðkaðist um sunnlenzka bæi eftir jarðskjálftana 1896. Núverandi ábúandi hefur gert þar miklar túbætur, en það er vitanlega algerlega ofvaxið hverjum ábúanda, sem fær Skálholt leigt, að gera þar þær margháttuðu og dýru endurbætur, sem þarf að koma í verk, ef staðurinn á ekki að vera í ósamræmi við sögufrægð sína og þann sess, sem hann skipar í hugum nálega allra Íslendinga.

Í Skálholti er alls ekkert, sem minnir á forna frægð staðarins, nema jörðin sjálf með sínu fagra útsýni mitt á suðurláglandinu. Kirkjan er hrörlegt timburhús, kirkjugarðurinn hefur enga aðhlyningu fengið frá þjóðfélaginu. Prestastétt landsins hefur ekki, svo að vitað sé, sýnt nokkurn áhuga á endurreisn staðarins. Alþingi hefur ekki heldur gert neitt í því efni, fyrr en samþykkt voru í fyrravetur lög

um, að bændaskóli Suðurlands skyldi reistur á þessum stað. Skálholt er yfirleitt ekki betra setur fyrir búnaðarfræðslu en margar aðrar sunnlenskar jarðir. Þegar ákveðið var að flytja skólann þangað, hlaut sögufrægðin að hafa ráðið úrslitum. Með því að setja skólann í Skálholt var stofnuninni fengið stórt ábýli með miklum ræktunarmöguleikum og þjóðfélaginu gert kleift að láta reisa á þessum stað myndarleg húsa-kynni og prýða staðinn að öðru leyti á margan hátt. En í meðferðinni er málið nú að snúast á annan veg. Nú er stefnt að því að reisa búnaðarskóla í landi Skálholts, en láta sögustaðinn falla í enn meiri vanrækslu en áður var.

Ríkisstjórnin skipaði þriggja manna nefnd til að standa fyrir byggingarframkvæmdum í Skálholti. Var þá að sjálfsögðu fyrst byrjað á að athuga, hvar skóla-húsin skyldu standa. Nefndinni mun hafa borizt til eyrna, að einstöku prestar ósk-uðu eftir, að búnaðarskólinn yrði alls ekki reistur heima í Skálholti, heldur einhvers staðar fjær bænum í landareign staðarins. Var af hálfu þessara manna haldið fram, að Skálholt væri og ætti að vera helgað kirkjulegri starfsemi. Þar ætti að halda kirkju-garðinum óhreyfðum, endurreisa kirkju Brynjólfs Sveinssonar, reisa í Skálholti hvíldarheimili gamalla presta og jafnvel stofna þar menntaskóla af nýju. Nefndin virðist hafa tekið óþarflega mikið tillit til þessara lauslega framsettu skoðana óábyrga og umboðslausra manna og mun hafa ráðlagt ríkisstjórninni að reisa hinn væntan-lega búnaðarskóla Suðurlands á eyðihæð svo sem bæjarleið í vesturátt frá Skálholti. Önnur bæjarleið er frá þessum tilvonandi skólastað suður að Þorlákshver. Mun til-ætlunin þó sú að dæla heitu vatni úr þessum hver og leiða það upp á hæðina að hús-um nýju skólabyggingarinnar.

Málið stendur þannig nú, að ríkisstjórnin hefur að öllum líkindum um næstu ára-mót nokkuð á aðra milljón króna í handbæru fé úr ríkissjóði til að reisa hinn nýja Skálholtsskóla mitt á milli hins fræga bæjarstaðis, þar sem var annar höfuðstaður Íslands í mörg hundruð ár, og hitauppsprettunnar, sem á að nota vegna hinna nýju bygginga. Búnaðarskólinn mundi þannig einskis njóta af sögulegri erfð staðarins og að líkindum ekki heldur hafa gagn af jarðhitnum, fyrr en rafmagn hefði verið leitt úr mikilli fjarlægð til búnaðarskólans.

Ef Alþingi lætur hjá liða að leiðrétta þau mistök, sem hér er stefnt að, verður hinn nýi skóli án þeirra mörgu þæginda, sem fylgja því að byggja á biskupssetrinu. Þar er nálega 1000 hesta tún í ágætri rækt og hið prýðilegasta ræktarland niður að Hvítá. Í túninu í Skálholti verður vart við jarðhita, og er ekki dregið í efa, að með borun megi fá þar nægan hita til heimilisþarfa á staðnum, þar sem Skálholt liggur svo að segja mitt á milli hveranna í Laugarási og Þorlákshvers. Og ef nægur hiti feng-ist með borun heima í Skálholti, má engu síður leiða þangað heitt vatn en að hinu umtalaða nýbýli.

Þegar búið væri að reisa bændaskólann fjarri staðnum í Skálholti, hlyti jörðin þó að sjálfsögðu öll að verða lögð til skólans. Tún, garðar og skógarlundar mundu spretta upp við nýja skólann, en gamla Skálholt verða einhvers konar hjáleiga eða eyðikot í landi staðarins. Þar mundi verða vanhirtur kirkjugarður, vanrækt kirkja, fyrst litið og síðan ekki notuð, og þar næst ummerkjalausar sögulegar minningar, líkt og á Örlygsstöðum í Skagafirði. Með þessum hætti yrði eyðing hins forna bisk-ups- og skólastaðar algerlega fullkomnuð.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að allt í einu yrði farið að sinna sögulegri helgi Skálholtsstaðar, þó að hann yrði með þessum hætti lagður í eyði. Það er liðin hálf önnur öld, síðan skóli og biskupssetur voru flutt burtu úr Skálholti. Á þessum tíma hefði átt að votta fyrir áhuga um endurreisn staðarins á kirkjulegum grundvelli. En svo er ekki. Prestastéttin hefur ekkert gert til að reisa staðinn við aftur, og þegar borin var fram tillaga á Alþingi fyrir nokkrum árum um að reisa þar menntaskóla, var sú tillaga felld með öllum atkvæðum þeirra þriggja flokka, sem nú standa sam-an að stjórn landsins. Með þessari atkvæðagreiðslu virtist endurreisn menntaskóla í Skálholti hafa fengið endanlega hvíld.

Vanræksla Skálholts í andlegum efnum er svo alger, að það hefur verið látið

oaiano, ao aigerlega oviðkomandi persóna reisti minnismerki í Skálholtskirkjugarði, sem er til mikillar minnkunar fyrir staðinn og á ekki sinn líka annars staðar á landinu. Ekkert bendir þess vegna í þá átt, að þeir menn austan fjalls, sem staðið hafa á móti því, að búnaðarskólinn yrði reistur heima í Skálholti, séu líklegir til að gera þar nokkra bragarbót á ókomnum árum fremur en hingað til.

Vafalaust hefur vakað fyrir forgöngumönnum laganna um, að búnaðarskóli Suðurlands skyldi vera í Skálholti, að með því væri staðurinn endurreistur sem þjóðarsetur, líkt og á sér stað um Hóla í Hjaltadal. Þar halda hinar miklu byggingar skólans, ræktunin og skóggræðslan virðulega á loft frægð hins gamla staðar. Eftir að biskupar og menntaskólar fluttust frá Hólum og Skálholti vegna breyttra kringumstæðna, er eðlilegt, að ný menningarsetur risi á rústum hinna gömlu og þar sé líka fylgt breyttum tíðaranda.

Búnaðarskóli Suðurlands getur vel risið í Skálholti, án þess að hann þrengi á nokkurn hátt að hinum fornu kirkjulegu sögustöðum. Búnaðarskólinn ætti þvert á móti að gefa staðnum nýtt líf. Þar kæmi mikill og góður húsakostur bæði fyrir menn og fénað. Túnið yrði gert stærra en á tímum hinna voldugustu biskupa. Garðar og trjálundar mundu prýða hinn forna sögustað. Ósennilegt er, að kirkjugarður og kirkja yrðu með öllu vanrækt. Hitt er líklegra, að aukið tilefni þætti til að endur-reisa kirkju Brynjólfs biskups í sama stíl og hún var upprunalega. Og ef kirkjunnar menn vildu koma á fót hvíldarheimili fyrir stéttina, væri sannarlega nógur húsgrunnur í gamla Skálholti. Sama má segja um menntaskóla, ef síðari kynslóðir kynnu að vilja hafa þar slíka stofnun. Ef búnaðarskólinn væri kominn á biskupssetrinu, yrði einmitt ódýrara og auðveldara að reisa þar fleiri menningarstofnanir.

Þær tillögur, sem byggingarnefnd Skálholtsskóla hefur lagt fram, eru byggðar á villandi upplýsingum um aðstöðu kirkjunnar í landinu. Þegar Alþingi samþykkti löggin um búnaðarskóla í Skálholti, var engum mótmælum hreyft af hálfu kirkjulegra yfirvalda. Og athugun mundi sýna, að ef kennilýður landsins vill byrja að sýna Skálholti sóma í verki, þá er betri aðstaða til framkvæmda í því efni, ef húsið er að reisa þar hinn væntanlega búnaðarskóla. Aftur á móti mundi búnaðarskóli, sem reistur væri á eyðihæðinni í Skálholtslandi, verða til að auka enn meir vanrækslu hins sögufræga biskupsseturs. En það var vissulega ekki tilgangurinn með löggjöf-inni um búnaðarskóla Suðurlands.

Þessu máli er hér hreyft til að gera síðustu tilraun til að bjarga málstað Skálholts. Alþingi getur komið því til leiðar, að innan skamms verði hætt að áfella ís-ienzku þjóðina og alveg sérstaklega kirkjulega og veraldlega valdsmenn hennar fyrir að hafa sýnt áratugum saman áberandi keruleysi og vanrækslu í sambandi við þann sögustað á Íslandi, sem gengur næst þingvöllum að sögulegri helgi.

Sp. 54. Tillaga til þingsályktunar

um hlutleysi útvarpsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja hlutleysi útvarpsins frá því, sem nú er, m. a. með því að láta fara fram fullkomna ritskoðun á öllu útvarpsefni undir yfirumsjón útvarpsráðs og á þess ábyrgð.

Greinargerð.

Eftir að Alþingi tók til starfa í haust, hefur gætt mikillar opinberrar gagnrýni varðandi starfsemi útvarpsins. Alþýðublaðið, Dagur, Morgunblaðið, Tíminn og Vísir

hafa flutt harðorðar og rökstuddar ádeilugreinar um þetta efni. Auk þess hafa tvö stjórnmalafélög í bænum, Óðinn og Vörður, samþykkt opinber mótmæli gegn hlutdrægum fréttáflutningi útvarpsins. Útvarpsráð tók málið til meðferðar og fól formanni sínum að gera ráðstafanir til að hindra hinar átöldu misfellur. Þessi viðleitni útvarpsráðs bar þó ekki tilætlaðan árangur, því að skömmu eftir að útvarpsráð hafði byrjað að skipta sér af misfellunum, notaði einn af starfsmönnum útvarpsins fræðifyrirlestrartíma sinn til að munnhöggvast við gagnrýnendur sína í blöðunum. Réðst þessi starfsmaður sérstaklega á Alþýðublaðið og ritstjórn þess.

Það má segja, að þessar óvenjulegu misfellur komi vonum síðar í ljós. Íslenzka útvarpið hefur frá upphafi látið hjá líða að framkvæma þá einu öryggisráðstöfun, sem hægt er að koma við í þessu efni. Erlendis er yfirleitt gerð sú krafa til yfirstjórna ríkisútvarpanna, að allt efni, sem þar er flutt, sé háð fyrirframathugun bæði á efni og máli. Þykir þar við eiga að endurskoða líka mál og setningaskipun, til þess að tryggja sem best heppilegan flutning í útvarpinu. Hér er ætlað til, að þingið leggi fyrir ríkisstjórnina að láta sérstaka og vel hæfa menn lesa allt útvarpsefni, áður en það er flutt, og gera á því þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Þar sem ríkisútvarpið ræðst nú í að reisa mestu og dýrustu húsakynni, sem byggð hafa verið á Íslandi, yfir starfslið sitt, er ekki lengur til að dreifa fátækt útvarpsins. Hlutleysi þess í daglegum störfum verður að sitja fyrir byggingarframkvæmdunum.

Sp. 55. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnaði sjávarafurða. Að þeirri rannsókn lokinni verði lagt fram rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra svari kostnaði og veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu, eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur sé rannsakað, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hver áhrif lækkun dýrtíðar á landinu mundi hafa á afkomu þeirra, er sjávarútveg stunda.

Greinargerð.

Flestum ætti að vera það ljóst, að aukning dýrtíðarinnar í landinu hefur komið harðast niður á afkomu þeirra, sem framleitt hafa til útflutnings. Þeir hafa ekki getað tekið þátt í dýrtíðarkapphlaupinu innanlands, þar sem hver hefur velt yfir á annan með þeim afleiðingum, að dýrtíðin hefur farið síhækkandi. Þeir, sem framleiða vörur til útflutnings, hafa ekki getað flúið þannig undan dýrtíðinni um stundarsakir, hvað þá heldur til frambúðar. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur því grafið undan afkomu útvegsmanna og fiskimanna. Þegar dýrtíðarráðstafanirnar voru brotnar niður árið 1942, gleypiti dýrtíðaraukningin í landinu alla hækkun, sem fékkst á fiskverðinu, og reyndar enn meira, þótt verðið hækkaði úr 35 aurum í 45 aura pr. kg. Afleiðingin varð sú, að afkoma smáútvegsmanna og fiskimanna varð mun verri með 45 aura verðinu, er búið var að brjóta niður ráðstafanirnar gegn dýrtíðinni, heldur en áður hafði verið, þegar 35 aurar pr. kg fengust fyrir fiskinn. Á sama hátt hefur farið á síðasta ári. Fiskverðið hækkaði lítils háttar framan af árinu, en framleiðslukostnaðurinn hefur farið síhækkandi. Þannig hefur svo farið, að þær ráðstafanir, sem menn töldu

sig gera til þess að bæta kjör almennings, hafa orðið til þess að svipta þá, sem eiga afkomu sína undir sjávarafli og verðlagi sjávarafurða erlendis, verulegum hluta tekna þeirra. Framleiðslukostnaður sjávarafurða hefur verið of hár síðustu missirin, jafnvel ef miðað er við stríðsverð afurðanna, þegar togarar eru undanskildir. Þó hefur verið varið stórfé til þess að halda honum niðri með niðurborgunum úr ríkis-sjóði, sem dregið hafa úr hækkun vísitölu. Smáútvegsmenn hafa flotið á óvenju-legum afla. Verðbólgan hefur minnkað hlut fiskimanna í samburði við kaup og atvinnutekjur í landi og framleiðslukostnað.

Fiskimönnum í landinu fækkaði á árunum 1942—44. Það er orðið stórkostlegt vandamál að fá sjómenn á fiskiflotann, eins og hann nú er, en mikil aukning hans stendur fyrir dyrum.

Ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgunni þola því enga bið. Ella eiga menn það á hættu, að sjávarútvegurinn sitji áður en varir í dýpra skuldafeni en áður hefur þekkt. Það er of seint að gera ráðstafanir til þess að skapa jafnvægi, eftir að verðfall afurða er búið að standa lengi eða eftir að menn hafa reynt, þótt ekki sé nema eina aflatregðuvertíð. Það, sem gerðist í sumar á sildveiðunum, sýnir þetta gleggst.

Ráðstafanir vegna verðbólgunnar þola ekki heldur bið blátt áfram vegna þess, að það er ekkert vit í því að halda verðbólgunni við, meðan menn eru að leggja stórfé í ný atvinnutæki, sem á að reka framvegis.

Það hefur orðið til stórtjóns, að ekki hafa legið fyrir glöggar skýrslur um afkomu sjávarútvegsins og áhrif verðbólgunnar á sjávarútveginn á undanförunum árum. Ég hef tvívegis flutt till. til þál. um, að þessar skýrslur yrðu gerðar, í þeirri von, að allir mundu geta orðið því samþykkir, að þetta yrði gert, og einnig með það fyrir augum, að menn kynnu frekar að sjá, hvert stefndi, ef glöggur samburður fengist á afkomu sjávarútvegs og fiskimanna annars vegar og annarra landsmanna hins vegar. Nú er öllum þessum málum þann veg komið, að tæpast verður þess langt að biða, að menn verði blátt áfram neyddir til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að skapa jafnvægi úr því öngþveiti, sem orðið er. Það þolir því enga bið, að rannsókn þessi fari fram. Því er þessi þáttill. flutt.

Það ætti að mega gera sér vonir um, að niðurstöður þeirrar rannsóknar, sem gert er ráð fyrir í þáttill., yrðu að miklu gagni í sambandi við þær ráðstafanir, sem ekki verður komizt hjá að grípa til, áður en langt um líður.

Ed.

56. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Þegar frv. þetta var afgreitt frá nefndinni, var einn nefndarmanna (HG) fjarstaddur. Annar nefndarmanna (KA) lýsti því yfir, að hann hefði óbundnar hendur um málið.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt. Þó lætur Páll Hermannsson þess getið, að hann áskilji sér rétt til þess að koma fram með breytingartillögu við frv. eða samþykkja breytingartill., er fram við það kunna að koma.

Alþingi, 25. okt. 1945.

Þorst. Þorsteinsson,
form., frsm.

Eiríkur Einarsson.

Páll Hermannsson.,
með fyrirvara.

Nd.

57. Nefndarálit

um frv. til laga um togarakaup ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. við forsætisráðherra og m. a. fengið skýrslur um nýbyggingarsjóði og umsóknir um togarakaup. Nýbyggingarsjóðir 23 togarafélaga og 3 togarautgerðarmanna munu um næstu áramót nema samtals kr. 18661407.03. Þó mun þessi fjárhæð lækka um þá upphæð, sem varið verður úr sjóðunum til nýbygginga á þessu ári. Þá hefur verið sótt um kaup á 43 togurum, en óreynt enn, hve margir umsækjendur hafa nægilegt fé fram að leggja til kaupanna. Vill nefndin beina því til hæstv. ríkisstjórnar að ganga svo fljótt sem auðið er frá sölu togaranna og innheimtu andvirðisins. Það er nú séð, að kaupverð togaranna með þeim viðbótarkröfum, sem gerðar hafa verið, verður mun hærra en gert var ráð fyrir, þegar bráðabirgðalögin voru gefin út, en þar fyrir mun ekki nauðsynlegt að hækka lántökuheimild frumvarpsins, þar sem andvirði togaranna greiðist inn til ríkissjóðs, jafnóðum og greiðslur samkvæmt samningi falla í gjalddaga.

Alþingi, 23. okt. 1945.

Ásgeir Ásgeirsson, Ingólfur Jónsson. H. Benediktsson. Katrín Thoroddsen.
form.

Nd.

58. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Friedländer, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
3. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
4. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
5. Pedersen, Martin Schjønning Kristian, pípuþingarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
6. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
7. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. l. nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra, og fylgdi því svolátandi athugasemd varðandi 2. gr. frv.:

„Með því að óvíst má telja, hvort allir þeir, sem um ræðir í frv., einkum þeir, sem fæddir eru í Þýzkalandi, geti innan 12 mánaða fært sönnur á, að þeir séu leystir undan sínu fyrra ríkisfangi, er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir undanþáguheimild, líkt og gert var í lögum nr. 51 1943.“

Nd. 59. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarafurða og fleira.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 6. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:

Verðlag á nýmjólk má ákveða misjafnt eftir útsölustöðum. Á sama stað má þó ákveða mismunandi útsöluverð á nýmjólk eftir því, hvort hún er seld frá mjólkurbúum eða beint frá framleiðendum til neytenda, enda verði þá verðmismunurinn greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefjast handa um undirbúning að endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá. Verði undirbúningi þessum hraðað svo, að hægt verði að hefja framkvæmdir við verkið sjálft á vori komanda.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Verið er nú að endurbyggja Ölfusárbrúna, er á að verða svo traust og fullkomin að geta fullnægt umferðar- og flutningaþörfinni á þessari fjölförnustu leið landsins, a. m. k. um næstu framtíð. Verður þá hægt að stækka farar- og flutningatæki að mun á þessari leið. Mun það gera flutninga að mun ódýrari en nú er. En meðan brúin á Þjórsá er áfram jafnveikbyggð og hún er nú, kemur þetta ekki að fullum notum fyrir héruð þau, sem austan þeirrar ár eru. Þó verður því ekki neitað, að sveitir þær, sem lengstar hafa vegalengdir til flutninga, hafa þess mesta þörf að geta notað sem haganlegust og ódýrust flutningatæki. Vafasamt er nú talið, að brúin á Þjórsá sé að nokkrum mun traustari en brúin á Ölfusá, sú er slitnaði niður á s. l. ári, enda eru sett sömu ákvæði um hámarksþunga farartækja yfir hana og þau, er gilda um brúna á Ölfusá. Að vísu er nú eitthvað verið að styrkja brúna á Þjórsá, en vegamálastjóri telur vafasamt, að það geti orðið til þess, að hægt sé að hækka hámarksþunga farartækja, sem um brúna fara.

Enginn, sem til þekkir, efast um þörf þá, sem fyrir hendi er um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá, og vonandi þarf ekki að bíða eftir því, að hún falli niður fyrst, til þess að hafizt verði handa um fullnægjandi úrlausn í þessu efni.

Ed.

61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 4. mgr. 211 gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður: Þó má höfða barnsfaðernismál á varnarþingi barnsmóður, ef stefndi er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann heldur sig, og getur þá valdsmaður gefið út meðlagsúrskurð á hendur barnsföður á varnarþingi barnsmóður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni hæstvirts dómsmálaráðherra í bréfi dags. 24. okt. sl. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins þrátt fyrir flutning þess. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

„Miðstjórn Kvenréttindafélags Íslands hefur vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á því, að barnsmæður, er eignast börn með útlendingum eða mönnum, sem ekki er hægt að hafa upp á, þegar kemur til feðrunar á börnum þeirra, eiga jafnan mjög erfitt með að feðra börn sín, og er þeim það stundum algerlega ómögulegt, jafnvel þótt þær geti fært fram fullar sönnur fyrir faðerninu. Þurfa konur þessar þá að ala börn sín og annast uppeldi þeirra án meðgjafar af hálfu barnsföðursins og lenda af þessum sökum í miklum fjárhagslegum vandræðum og basli.

Felur frumvarp þetta í sér breytingu á réttarfarinu í barnsfaðernismálum, er ætti að verða barnsmæðrum til mikils hægðarauka í þeim tilfellum, er að framan getur.“

Ed.

62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsa-meistara eða iðnfræðinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Orðið („ingeniör“) úr 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó þrátt fyrir ákvæði 1. gr. veitt þeim mönnum leyfi til þess að kalla sig verkfræðinga áfram, sem lokið hafa fullnaðarprófi við verkfræðiskóla eða teknískan framhaldsskóla fyrir gildistöku laganna og stundað hafa verkfræðistörf samfleytt síðan.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. beiðni félagsins Tækni í bréfi dags. 9. oks. sl. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins þrátt fyrir flutning þess. Frá félaginu Tækni fylgdi svofelld greinargerð:

„Breytingar þessar haggja að engu heildarstefnu og tilgangi umræddra laga, en fela einungis í sér tvær smávægilegar leiðréttingar.

Fyrri breytingin er fram komin í tilefni af dómi hæstaréttar, uppkveðnum 5. nóv. 1943, þar sem því er slegið föstu, að ekki „verði hjá því komizt“ — væntanlega sökum óheppilegs orðalags — að skýra lögina svo, að þau banni mönnum í sumum tilfellum að nota hin erlendu eða alþjóðlegu próf- eða starfsheiti, sem þeir samkvæmt prófskírteinum hafa rétt til. En slíkt mun aldrei hafa verið tilætlun löggjafans, heldur aðeins að setja reglur um notkun íslenzka heitisins „verkfræðingur“. Orðið „ingeniör“ í svigunum er villandi, því að eftir samhengi laganna er sýnilegt, að verkfræðingur þarf að vera dipl. ing., civil ing., eða ing. cand. polyt., þ. e. háskólagenginn ingeniör. Aðrir ingeniörar mega þá nota heitið „iðnfræðingur“ samkv. 5. gr., ef þeir óska að nota íslenskt starfsheiti, en að sjálfsögðu á þeim einnig að vera heimilt að kenna sig við hina erlendu prófgráðu, alveg á sama hátt og verkfræðingarnir gera það oft og einatt (dipl. ing. o. s. frv.) þrátt fyrir lögina. Í umræðum og greinargerðum á Alþingi, þegar lögina voru sett, er engan staf að finna um það, að ætlunin hafi verið að meina mönnum að nota hin erlendu prófheiti, né heldur kemur það fram í bréfum Verkfræðingafélags Íslands til atvinnumálaráðherra varðandi framkvæmd laganna. Tilgangur laganna var eingöngu sá að koma í veg fyrir þann rugling innan hinnar verkfróðu stéttar, að menn með **mismunandi** erlend próf notuðu í framtíðinni sama íslenska heitið, verkfræðingur. Er því full ástæða til — og reyndar óhjákvæmilegt — að orða lögina skýrar að þessu leyti. Má og á það benda, að það mun hvergi þekkjast um hinn menntaða heim, að amazt sé við hinum alþjóðlegu próf- eða starfsheitum, og mundi slíkt tiltæki okkar verða talin freklegasta móðgun gagnvart hinum erlendu menntastofnunum, sem auðveldlega gæti leitt til þess, að erlendir verkfræðiskólar neituðu að taka við námsmönnum héðan af landi.

Siðari breytingin snertir tiltölulega fáa menn, sem segja má með nokkrum sanni, að orðið hafi hart úti, er lögina 1937 voru látin gilda allt að 6 ár aftur fyrir sig, en slíkt er yfirleitt ekki venja. Það má telja fasta og reyndar sjálfsagða reglu við setningu laga, sem takmarka rétt eða aðstöðu manna í atvinnulífinu á tilsvarendi hátt og hér var gert, að menn fái að halda þeim réttindum eða aðstöðu áfram, sem þeir áður höfðu, og má nefna þess mýmörg dæmi á sviðum iðnlöggjafar og atvinnulöggjafarinnar yfirleitt. Með því nú að þessi almenna regla var við setning 1. nr. 24 1937 látin ná til flestra, sem þá áttu hlut að máli, en einungis örfáir menn útilokaðir (þeir, sem höfðu ekki unnið full 6 ár að verkfræðistörfum við gildistöku laganna), þá þykir eftir atvikum og eftir því, sem fram er komið, mega á það fallast að veita þeim tilsvarendi tilslökun, með því og að það skerðir að engu leyti framtíðargildi laganna. En gert er þó ráð fyrir tveim viðbótarskilyrðum, sem ekki giltu um undanþágur samkvæmt 2. gr. laganna:

1. að menn þessir hafi leyst af hendi fullnaðarpróf í verkfræðiskóla eða teknískum framhaldsskóla og
2. að þeir hafi stundað verkfræðistörf samfleytt í 7—14 ár.

Er með skilyrðum þessum tryggt, að ekki komi aðrir til greina í þessu sambandi en þeir, sem lærdóm hafa og mikla verkfræðilega æfingu. Er því ekki einungis sanngjarnt, heldur og fyllilega réttmætt samkvæmt höfuðtilgangi laganna, að breyting þessi nái fram að ganga.

Umrædd lög hafa, svo sem kunnugt er, vakið miklar deilur og óánægju. Eru breytingar þessar hugsaðar sem samkomulagslausn, sem allir gætu við unað eftir atvikum og áframhaldandi deilur um lögina þá fallið niður. Hins vegar er hér að engu leyti haggjað meginstefnu laganna sjálfra.“

Nd.

63. Frumvarp til laga

um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almenn t eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávítahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhólt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið hafa lögprot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstígum.
6. Heilsu- og vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.
8. Fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi varðandi uppeldismál.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslid á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkv. því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða visir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað landsins. Utan kaupstaða vinnur skólanefnd störf barnaverndarnefndar og hefur að því leyti réttindi hennar og skyldur. Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.

5. gr.

Barnaverndarnefnd (skólanefnd) hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, svo og eldri ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstað kys barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn

vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í bæjarstjórn. Kjósa skal með sama hætti varamenn í barnaverndarnefnd.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórn (bæjarráð) ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr bæjarsjóði.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

10. gr.

Í Reykjavík skal bæjarráð að fengnum tillögum barnaverndarnefndar ráða fulltrúa, er annast skal dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Skal hann vera kunnáttumaður um uppeldismál.

Barnaverndarnefnd ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum fulltrúa og að fenginni heimild bæjarráðs.

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.

11. gr.

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenskra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr rikissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

15. gr.

Ef lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd, er héraðsdómara skylt að veita henni lögfræðilega aðstoð, eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans.

16. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heinili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

17. gr.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náð samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 49. gr.

19. gr.

Skylt er lögæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn innan 16 ára eru viðriðin, ber lögæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þessa, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Jafnan skal leita, ef þess er kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vis, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú stafar heilsu barns eða ungmennis hættu af sjúkdómi, er aðrir heimilismenn tafa tekið, eða það er sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun og læknishjálp, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vis, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, van-kunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, lauskætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verið komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum foreldravaldið. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 50. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar þeirrar, er í hlut á.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Jafnframt ákvæðum þessarar greinar skulu haldast ákvæði refsilaga um ráðstöfun vegna lögbrota barna yngri en 15 ára.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni, sbr. 31. gr., til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún að jafnaði tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að láta fyrrgreinda barnaverndarnefnd fylgjast með högum þess.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 14 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfa eða náms, er best svarar til hæfi þess og því má að gagni koma. Kostnað af þessu má leggja á foreldra eða framfærslumenn, séu þeir aflögufærir, en ella leitar barnaverndarnefnd aðstoðar hreppsnefndar eða framfærslunefndar.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt skulu gilda áfram ákvæði 30. gr. laga nr. 19 1940.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.

33. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum a. m. k. tvisvar á ári.

34. gr.

Ef barnaverndarnefnd kemst að raun um, að þeir, sem hafa á vegum sínum fósturbarn eða tökubarn, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, þá er henni auk annarra ráðstafana, er lög leyfa, heimilt að leggja bann við, að þeir taki vandalaus börn framvegis.

35. gr.

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Í Reykjavík skal barnaverndarnefnd á kostnað bæjarsjóðs séð fyrir athugunarstöð í þessu skyni. Þar skal þess kostur að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Barnaverndarnefnd semur reglur um starfsháttu þessarar stöðvar, er barnaverndarráð og bæjarráð samþykkja.

37. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35 gr. getur, fer skv. lögum nr.

78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

38. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslu- nefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjar- stjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úr- skurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfær- andi sér kostnað um megn, og skal þá valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úr- skurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 37. gr. þessara laga.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglu- legum vinnuháttum. Ekki má ráða barn yngra en 14 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Sama gildir um ráðningu barns til vinnu á skipi. Til iðnaðarnáms má ekki ráða barn yngra en 16 ára. Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í til- tekinni starfsgrein, hvíld, vinnutíma, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir: vernd sendisveina í starfa, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; tak- mörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal veita atbeina sinn til þess, að almenn heilsuvernd barna og ungmenna í umdæmi hennar sé rækt sem bezt. Sérstaklega skal hún gefa gaum skólaeftirliti og annarri lögskipaðri heilsuverndarstarfsemi meðal barna og ungmenna, styðja lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn í þeim starfa og stuðla að því, að farið sé eftir réttmætum ráðleggingum þeirra og fyrirskipunum.

41. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði, er banna í umdæmi barnaverndar- nefndar sölu á tóbaki til barna yngri en 16 ára, banna að setja sælgætisverðanir og tóbaks á stofn í námunda við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna sölu sælgætis á veitingastöðum, sem börnum telst óhollt að sækja, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum.

Rétt er í reglugerð að banna leikföng, sem hættuleg eru börnum að dómi barnaverndarnefndar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sektum.

42. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

44. gr.

Barnaverndarnefnd stuðlar að fræðslu um meðferð og uppeldi barna, svo sem með því að láta flytja erindi fyrir almenning um slík efni og veita leiðbeiningar þeim, sem þess æskja.

45. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útvistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum knattborðsstofum og öðrum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

46. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

47. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á hættulega siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

48. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, þá varðar það refsingu samkv. 191 gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 64., 65. og 68. gr. sömu laga.

49. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, skal skyldur að kynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

50. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heim-sækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingar varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að vikja brott af heimili samkv. 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 64. og 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngrri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

51. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

52. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

53. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

54. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í undæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun þeirrar rannsóknar, eftir því sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

55. gr.

Barnaverndarráð heimtíð ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs beitt dagsektum, 5—20 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

56. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglíngum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælís eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni eða lækni, sbr. 57. gr., færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.

57. gr.

Barnaverndarráð getur skipað barnahæli eða uppeldisstofnun sérstakan heimilislækni og greiðir honum þóknun. Barnaverndarráð getur krafist hann skýrslna og læknisumsagnar um atriði þau, er um getur í 56. gr.

58. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur borið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

59. gr.

Mál samkvæmt 47., 48. og 49. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni menntamála-
ráðuneytisins. Þó hafa nefndarmenn áskilið sér að hafa óbundnar hendur til breyt-
inga, er fram kynnu að koma.

Frá ráðuneytinu fylgdi frv. svolátandi greinargerð:

„Frumvarpið er upphaflega samið af stjórnskipaðri nefnd. Í henni áttu sæti þeir
Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur
og Vilmundur Jónsson landlæknir.

Í athugasemdum nefndarinnar við frumvarpið segir m. a.:

„Áður en lög nr. 43 frá 1932 voru sett, voru engin heildarlög um barnavernd hér
á landi, en í ýmsum lögum voru ákvæði, sem vörðuðu forráð yfir börnum og með-
ferð þeirra, sbr. tilskipun 3. júní 1746 um húsaástand á Íslandi, lög nr. 46 1921, um
afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 57 1921, um afstöðu foreldra til skil-
getinna barna, lög nr. 39 1921, um stofnun og slit hjúskapar, sem kveða á um rétt
barna, er foreldrar slíta hjúskap. Þá má geta laga nr. 39 1907, um skilorðsbundna
hegningardóma og hegningu barna og unglinga, en lög þessi hafa nú verið afnumin
með lögum nr. 19 1940, sem hafa samsvarandi ákvæði. Enn má greina fátækralög,
nr. 43 1927, sem geymdu ýmis barnaverndarákvæði, en nú eru í þeirra stað komin
framfærslulög, nr. 52 1940. Í lögum um iðnaðarnám, nr. 11 1927, nú nr. 100 1938, hjúa-
lögum, nr. 22 1928, sjómannaálagum, nr. 41 1930, og lögum um verzlunarnám, nr. 45
1909, eru ákvæði til verndar börnum og ungmennum í vist og starfi. Þá eru í lög-
reglusamþykktum ýmis ákvæði, sem varða sérstaklega eftirlit með börnum og ung-
mönnum.

Með lögum nr. 76 1933 voru gerðir nokkrir viðaukar og breytingar á áðurnefnd-
um lögum um barnavernd, nr. 43 1932. Loks var með bráðabirgðalögum nr. 122 1941
kveðið sérstaklega á um eftirlit með ungmönnum allt að 20 ára aldri og settur á stofn
sérstakur ungmennadómur til að dæma mál út af lögbrotum og öðru misferli ung-
menna. Bráðabirgðalög þessi voru staðfest með lögum nr. 62 1942, þó þannig, að ung-
mennadómur dæmdi einungis mál þeirra, sem brotlegir urðu fyrir 18 ára aldur.

Barnaverndarnefndir hafa nú starfað hér í tíu ár. Á þessu tímabili hafa bæir
vaxið ört vegna innflutnings manna þangað úr sveitum landsins. Jafnframt hafa
lögbrot barna og ungmenna og annað misferli þeirra aukizt, enda hafa ýmis upp-
eldismistök, t. d. eftirlitsleysi, miklu alvarlegri afleiðingar fyrir siðferði barna í
þéttbýli en í dreifbýli. Við þetta bætist svo siðferðishætta sú, sem börnum og ung-
mönnum, einkum telpum, stafar nú sem stendur af fjölmennu erlendu setuliði í
Reykjavík og víða annars staðar. Af þessum ástæðum hafa störf barnaverndarnefnda
aukizt mjög í öllum kaupstöðum landsins, og hafa þær látið ýmis uppeldismál til
sín taka, eins og ráða má t. d. af því, að ekki hafa færri en 13 sveitarfélög sett og fengið
staðfestar reglugerðir um barnavernd. Þessi sveitarfélög eru: Reykjavík, Hafnar-
fjörður, Akranes, Borgarnes, Hvammstangi, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörð-
ur, Dalvík, Akureyri, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar. Vafalaust
hafa þessar aðgerðir komið að nokkru gagni.

Starf barnaverndarnefndar Reykjavíkur er, sem vænta má, langumsvifamest.
Vaxa verkefni hennar sífellt og verða æ fjölþættari vegna breyttra þjóðfélagshátta
og uppeldisskilyrða, sem hér verða ekki nánar rakin. Barnaverndarnefnd Reykja-
víkur tekur árlega til meðferðar fjölda mála, sem varða hörn og ungmenni sakir lög-
brota þeirra og annars misferlis, margvíslegrar vanrækslu og ágalla á uppeldi þeirra
í heimahúsum, óhollra áhrifa utan heimilis og freistinga, sem leiða þau á siðferðis-
lega glapstigu. Nefndin hefur nú skrifstofu, sem er opin daglega, og leita menn þang-
að með málefni sín. Hjúkrunarkona, sem nefndin hefur í þjónustu sinni, hefur eftir-
lit með uppeldi og aðbúð barna og lætur heimilum í té margs konar hjálp og aðstoð.
Sérfróður maður annast rannsókn á börnum og ungmönnum og veitir foreldrum

leiðbeiningar um uppeldi þeirra og meðferð. Jafnframt réð barnaverndarnefnd Reykjavíkur fulltrúa til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Af þessum staðreyndum má ráða, hve starf til verndar börnum og ungmennum í Reykjavík hefur aukizt mjög hin síðustu ár. Má gera ráð fyrir, að eftir ófriðinn verði verkefni þó enn meiri, einkum að því er tekur til pillta. Verður þeim sérstök hættu búin, ef atvinnuleysi steðjar að eftir þá fjárveltu, sem nú er.

Með því að skorta hefur þótt á, eins og áður er að vikið, að lög nr. 43 1932, um barnavernd, væru nógu rækileg, hefur ríkisstjórnin hlutast til um, að lagafrumvarp þetta væri samið. Hefur þetta frumvarp margs konar ákvæði að geyma, sem ekki eru í eldri lögum. Við samningu þess hefur verið stuðzt við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd barnaverndar undanfarinn áratug, og að nokkru við erlend lög, og loks hafa höfundar frumvarpsins leitast við að setja sér fyrir sjónir ýmis tilvik, sem fyrir kunna að koma og helzt krefjast úrlausnar við framkvæmd þessarar löggjafar.

Við lestur þessa frumvarps verða menn einkum að hafa í huga það, sem hér segir: Samkvæmt 14. gr. laga nr. 19 1940 skal manni eigi refsað fyrir verknað, sem hann hefur framið, áður en hann varð 15 ára. Gagnvart yngri mönnum verður að heita uppeldisráðstöfunum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu og 267. gr. laga nr. 19 1940, og gagnvart ungmennum 15—18 ára getur einnig komið til álita að heita sams konar aðgerðum í stað refsingar. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 60 1917 verður maður sjálfráða 16 ára. Ræður hann því verustað sínum og er ekki lengur háður valdi for-eldra sinna eða forráðamenna um annað en fé sitt. Rétt hefur því þótt að svipta ekki sjálfráða menn frjálsræði sínu nema með dómsathöfn, sbr. þó 30. gr. laga nr. 19 1940“

Um einstakar greinar frumvarpsins segja höfundar þess m. a.:

„Um 3. gr. Rétt er að taka fram, að starfsmenn þeir, sem greinin getur um, séu opinberir starfsmenn.“

Um 5. gr. Hér skal á það minnt, að barnaverndarnefnd hefur ekki ráðstöfunarrétt á ungmenni eldra en 16 ára, þó að andlega miður sín sé, nema það hafi verið svipt sjálfræði. En vald hefur hún til að fara á heimili, athuga slíkt ungmenni og fylgjast með líðan þess og aðbúð. Gera má og ráð fyrir, að aðstoð barnaverndarnefndar til líknar og umönnunar fávitum og öðrum ungmennum andlega miður sín verði almennt vel þegin af aðilum. Í þessu sambandi þykir ástæða til að benda á, að ákvæði laga nr. 60 1917, um sviptingu sjálfræðis og fjárræðis, eru mjög ófullkomin. Þannig vantar í lögin ákvæði um, hverjir eigi að hefjast handa um sviptingu sjálfræðis manns og hvaða meðferð mál skuli hlíta í héraði. Auk þess eiga ákvæði laganna ekki alls kostar við, þegar fávitar, geðveikir menn, ofdrykkjumenn og eiturylfjaneytendur eiga í hlut.

Um 38. gr., nú 36. gr. Hér er gert ráð fyrir rekstri athugunarstöðvar á vegum barnaverndarnefndar í Reykjavík. Verður að telja fulla nauðsyn slíkrar stöðvar, ef fullnægja á þar fyrirmælum laga um vernd barna og ungmenna. Rekstur athugunarstöðvar í Reykjavík er þegar hafinn án sérstakra ákvæða í lögum, enda skortir enn mikið á, að tilhögun hennar sé komið í fastar skorður.

Um 39. gr., nú 37. gr. Ætlazt er til, að um greiðslur fyrir vist barna og ungmenna á þessum hælum og öðrum hælum fari samkvæmt lögum nr. 78 1936, um ríkisframsælsu sjúkra manna og örkumla. Fyrir úrskurðuð styrkhæf börn og ungmenni yrðu þá greiddir úr ríkissjóði $\frac{4}{5}$ hlutar vistgjaldsins, en $\frac{1}{5}$ hluta ber aðila sjálfum að greiða, nema hann biði við það tilfinnanlegt tjón á efnahag sínum, en þá greiðist þessi hluti úr sjóði framsæslusveitar hans.

Um 40. gr., nú 38. gr. Oft munu börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt barnaverndarlögum, vera á einhvern hátt miður sín, og má því gera ráð fyrir, að meðalmeðlag nægi oft ekki þeim til framsælsu. Eru því ákvæði 14. gr. laga nr. 43 1932 starfi barnaverndarnefnda til trafala. Tilætlunin með 40. gr. frumvarpsins er

að tryggja samvinnu barnaverndarnefndar og hreppsnefndar (framfærslunefndar) um vistun barna og ungmenna og ákvörðun meðlags með þeim.

Um 41. gr., nú 39. gr. Grein þessi fjallar um vinnuvernd barna og ungmenna. Erfitt þótti að setja almenn lagaákvæði um þessi efni, með því að staðhættir og vinnubættir eru að mörgu leyti ólíkir hér á landi.

Um 42. gr., nú 40. gr. Misbrestur mun á því vera, að heilbrigðiseftirlit í skólum komi að fullu haldi, vegna þess að of litið er sinnt fyrirmælum og ráðleggingum skólalækna um bætt heilbrigðisháttu. Tilætlunin með grein þessari er, að barnaverndarnefndir veiti atbeina sinn til þess, að þetta megi betur fara.

Um 47. gr., nú 45. gr. Athygli skal vakin á því, að þegar hafa verið sett í ýmsar lögreglusamþykktir ákvæði, sem miða að sama marki og ákvæði tveggja fyrstu málsgreina þessarar greinar. En rétt þótti engu að síður að minna á þessi ákvæði hér til glegggra yfirlits.

Um 48.—50. gr., nú 46.—48. gr. Refsiákvæði greina þessara eru sett til aukinnar verndar barna og ungmenna, einkum siðferði þeirra, og er ætlað til, að þeim sé beitt auk ákvæða XXI. og XXII. kafla laga nr. 19 1940.

Um 51. gr., nú 49. gr. Börn á ungum aldri eru þess ekki umkomin að leita réttar síns vegna misferlis, sem þau verða fyrir, og börn og ungmenni eru annars oft svo háð þeim, sem veita þeim forsjá, að þau geta ekki borið sig upp undan meðferð þeirri, er þau sæta. Þykir því rétt að leggja kæruskyldu á þriðja mann.

Um 52. gr., nú 50. gr. Reynslan hefur sýnt, að þörf er á ákvæðum þessarar greinar.

Um 56. gr., nú 54. gr. Rétt þykir að taka það fram til glöggvunar, þótt segja megi, að það leiði af eðli málsins, að barnaverndarráð geti tekið mál upp, ef barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, gerir því ekki skil.“

Frumvarpið var fyrst flutt í ársbyrjun 1943 af þáverandi ríkisstjórn. Var því vísað til allshn. Nd., sem tók það til mjög ýtarlegrar athugunar, aflaði um það umsagna fróðustu manna og flutti við það ýmsar breytingartillögur, sem allar voru samþykktar. Svo breytt gekk málið til Ed., en dagaði þar uppi.

Á haustþinginu 1943 tók heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. málið til athugunar og umræðna og ræddi það m. a. við dómendur ungmennadóms, barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem síðan sendu nefndinni ýmsar breytingartillögur við frumvarpið, er allar voru teknar til greina.

Að þessu sinni dagaði frumvarpið uppi í deildinni, en á síðasta Alþingi flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. það að nýju, eins og deildin hafði áður gengið frá því, að öðru leyti en því, að úr frv. voru felld ákvæðin um ungmennadóm, enda var hann raunverulega lagður niður og hefur ekki starfað síðan haustið 1943. Gekk frumvarpið nú í gegnum deildina með smávægilegum breytingum, en í Ed. var frumvarpinu vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem tekið var fram, að deildin vænti þess, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta þing frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna og hafi í því efni m. a. samráð við fræðslumálastjóra og millipinganefnd í skólamálam.

Hinn 22. marz s. l. sendi menntamálaráðuneytið fræðslumálastjóra, millipinganefnd í skólamálam, barnaverndarráði Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frumvarpið til umsagnar. Eins og fyrr segir, hafði barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur áður fjallað um frumvarpið og tillögur þeirra verið teknar til greina. Nú hafa engar tillögur eða umsagnir borizt frá fyrrnefndum aðilum. Verður því að líta svo á, að þeir sætti sig við frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir.

Það er orðið mjög aðkallandi að fá ýtarlegri löggjöf um þessi mál en nú er til, enda ýmsir gallar á gildandi lögum, sem ekki er lengur hægt að búa við, svo sem það, að barnaverndarráð var um skeið raunverulega óstarfhæft vegna þess, að í því voru engir varamenn. Í þessu frumvarpi felast margvíslegar umbætur á eldri lögum, er

Þessi mál snerta og reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru, til þess að barnaverndarráð og barnaverndarnefndir geti leyst hin þýðingarmiklu störf sín sem bezt af hendi.“

Ed.

64. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna breytist og verði þannig:

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd flytur frv. þetta að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og málið sjálft.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Í 2. gr. nefndra laga er svo ákveðið, að gjaldið skuli innheimt á manntalsþingum og greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Fari svo um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð sem um önnur manntalsbókargjöld.

Ýmis önnur gjöld af fiskiskipum og fleiri skipum og gjöld í sambandi við útgerð þeirra eiga að greiðast í byrjun útgerðartímans og eru talin með aukatekjubókargjöldum. Það þykir því hentugra, að sama regla gildi um lestagjaldið og t. d. um vitagjaldið, gjöld fyrir slysatryggingar, haffærisskírteini, lögskráningar- og skoðunargjöld og gjöld þessi verði öll innheimt í einu lagi, sem bæði auðveldar og flýtir fyrir innheimtunni.

Rétt þykir þó, einkum vegna gjaldsins af skipum í utanlandssiglingum, að gjald-
daginn sé miðaður við ákveðinn dag í síðasta lagi.“

Nd.

65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að styðja landbúnaðinn með lánveitingum.

2. gr.

2. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Tillag úr ríkissjóði 5 milljónir króna, er greiðist með jöfnum greiðslum á árunum 1946—1950.

3. gr.

Í stað „2½%“ í fyrri málsgrein 6. gr. laganna komi: 1½%.

4. gr.

1. Í stað 1.—3. málsg. 8. gr. laganna komi:

Fé Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum (þó ekki til íbúðarhúsa), rafstöðva og annarra mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa og viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, enn fremur til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. og V. kafla jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar á sveitabýlum má veita til peningshúsa og geymsluhúsa úr vönduðu efni, er samsvarar jörðinni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafizt, að jarðabætur séu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

2. Á eftir 1. málslið 4. málsg. 8. gr. laganna komi nýr málsliður, þannig:

Lán til vélakaupa mega nema allt að ¾ kostnaðarverðs.

5. gr.

1. Á eftir a-lið 2. málsg. 13. gr. laganna komi nýr stafliður, er verði b-liður, svo hljóðandi:

Til vélakaupa 5—15 ár.

2. e-liður 2. málsg. 13. gr. laganna orðist svo:

Til peningshúsa og annarra bygginga en þeirra, sem nefndar eru í d-lið, allt að 35 árum.

3. Við 13. gr. laganna bætist:

Vextir af lánnum úr sjóðnum skulu ekki vera hærri en 3 af hundraði.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að fjármagn Ræktunarsjóðs Íslands verði aukið allverulega og honum ætluð stærri verkefni en áður. Er svo til ætlazt, að sjóðurinn veiti landbúnaðinum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda, annarra en íbúðarhúsabygginga, en Byggingarsjóður á að annast lánveitingar til þeirra, og er flutt annað frumvarp samhliða þessu af þingmönnum Framsóknarflokksins um breytingar á lögnum um byggingar- og landnámssjóð. Jafnframt verði lánskjörin gerð bændum hagstæðari en þau eru nú, enda hafa vextir yfirleitt lækkað, síðan gildandi lög um Ræktunarsjóðinn voru sett. Samkv. frv. eiga vextir af lánnum úr sjóðnum ekki að vera hærri en 3 af hundraði, en hafa áður verið 4—5 af hundraði.

Um síðustu áramót átti Ræktunarsjóðurinn í útistandandi lánnum um 2 millj. kr., en skuldaði tæplega 1 millj. 100 þús. kr. (jarðræktarbréf í umferð). Höfuðstóll sjóðsins var þá kr. 3793159.89 og þar að auki varasjóður kr. 512811.15. Í 2. gr. þessa frv. er lagt til, að sjóðurinn fái úr rikissjóði 1 milljón króna árlega næstu 5 ár, sem leggist við höfuðstólinn. Ákvæði laganna um útgáfu jarðræktarbréfa haldast óbreytt, en vaxtabréf í umferð mega aldrei nema meira en sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðsins.

Samkvæmt gildandi lögum má Ræktunarsjóður eingöngu lána fé til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum. Eftir þessu frv. á sjóðurinn eins og áður að lána til jarðabóta og húsa bygginga, annarra en íbúðarhúsa, jafnt á eldri býlum sem nýbýlum, en lánadeild nýbýlasjóðs að hætta störfum; einnig til rafstöðvabygginga fyrir sveitabýli, sem ekki fá rafmagn frá rafveitum ríkis eða sveitarfélaga, og stofnlán til ýmissa annarra framkvæmda í þágu landbúnaðarins, svo sem til byggingar mjólkur-

vinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullar- og skinnaverksmiðja, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, þvottahúsa o. s. frv.; enn fremur til kaupa á landbúnaðarvélum.

Í 6. gr. laganna frá 1935 er ákveðið, að af árlegum tekjuafgangi, sem verða kann hjá sjóðnum, skuli leggja við höfuðstólinn 2½% vexti af upphæð hans, en í 3. gr. þessa frv. er lagt til, að höfuðstólnum reiknist ekki hærri vextir en 1½ af hundraði.

Samkvæmt framansögðu eru aðalatriði frumvarpsins þessi:

Ákvæði um ríkisframlag til sjóðsins, samtals 5 millj. kr. á næstu 5 árum.

Verksvið sjóðsins gert stærra en áður.

Vextir af lánum úr sjóðnum lækkaðir verulega.

Nd. 66. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Orðin „til ársloka 1946“ í 2. ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 15 24. marz 1944, falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 15 24. marz 1944.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða öðrum frv., sem áður hafa verið flutt um þetta sama efni. Bátaábyrgðarfélaginu er nauðsynlegt að geta starfað áfram á sama grundvelli og áður. Nánar í framsögu.

Nd. 67. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að einni milljón og fimm hundruð þús. kr., gegn ⅓ hlutum frá hafnarsjóði Vestmannaeyja.

Til kostnaðar við hafnargerðir telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar og dráttarbrautir.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að þriggja milljón króna lán, er hafnarsjóður Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi

hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af gagnaðila hans.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga 5 menn sæti. Nefndin skal kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þágu hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd

fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Vestmannaeyjahöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
 - e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
 - f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum. Hafnarnefnd innheimtir gjaldið.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki, og ganga festar-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 1 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarsjóðs frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar,